

Árni Einarsson



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 2. maí 2014
Tilvísun: UST20140400246/abg

Leyfi vegna kvikmyndatöku. Fuji Tv.

Umhverfisstofnun hefur móttengið erindi Árna Einarssonar fyrir hönd Fuji TV, dags 16. apríl 2014, þar sem óskað er eftir leyfi til kvikmyndatöku á Mývatni, við Hverfjall, Námafjall, Kröflu, Leiruhjúk og úti eyjunni í Mývatni dagana 3-6 maí næstkomandi.

Um Mývatn og Laxá gilda lög um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu nr. 97/2004. Í reglugerð nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu kemur fram að markmið reglugerðarinnar er að stuðla að verndun náttúrufars, þ.e. lífríkis, jarðmyndanna og landslags Mývatns- og Laxárvæðisins í samræmi við meginregluna um sjálfbæra þróun og tryggja að vistfræðilegu þoli svæðisins verði ekki stefnt í hættu af mannavöldum. Í 25. gr. reglugerðarinnar segir að til að stunda athuganir, vöktun eða rannsóknir á náttúru verndarsvæðisins, svo sem sýnatöku vegna rannsókna, söfnun náttúrugripa, fuglaljósmýndun úr felutjöldum, kvikmyndatöku, fuglamerkingar, svo og aðrar hliðstæðar athuganir, skal afla leyfis Umhverfisstofnunar.

Í 15. gr. reglugerðarinnar segir að á tímabilinu 15. apríl til 20. ágúst er notkun farartækja á Mývatni og Laxá og öðrum stöðuvötnum á verndarsvæðinu einungis heimil vegna hefðbundinna nytja og veiða, náttúruvæðis og umsýningar með svæðinu.

Hverfjall (Hverfell) er friðlýst sem náttúruvætti sbr. auglýsingu nr. 1261/2011. Markmiðið með friðlýsingu Hverfjalls (Hverfells) sem náttúruvættis er að vernda sérstæðar jarðmyndanir. Jafnframt er það markmið með friðlýsingunni að varðveita jarðmyndanir svæðisins vegna mikils fræðslugildis og útivistargildis.

Lýsing á framkvæmd

Eins og áður segir þá er óskað eftir leyfi til kvikmyndatöku á Mývatni, við Hverfjall, Námafjall, Kröflu, Leiruhjúk og úti í eyjunni í Mývatni dagana 3-6. maí næstkomandi. Tilgangurinn er að búa til sjónvarpsþátt um Ísland og Íslendinga. Þar verður skýrt frá jarðfræði og jarðhita landsins, og jafnframt hvernig Íslendingar hafa dregið fram lífið hér, þá og nú. Samkvæmt upplýsingum umsækjanda er ekki sótt um leyfi sem fela í sér myndatökur

vegna rannsókna.

Sér í lagi verður útskýrt hvernig við nýtum jarðhita, og stundum fiskveiðar. Í allt verða 10 manns sem koma frá Japan sem starfa við framleiðsluna, en einnig verða 2 aðilar sem koma bara til að heimsækja tökustað. Engin leikmynd verður notuð. Engir kvikmyndakranar en venjulegir þrífætur verða notaðir. Ráðgert er að taka loftmynd úr þyrlu í um 0,5-1 klst. Dagsetning ræðst af veðri.

Áhrifamat

Mat á umsókn þessari nær aðeins til þeirra svæða sem friðlýst eru eða vernduð samkvæmt lögum. Námafjall, Krafla og Leiruhjúkur eru ekki friðlýst svæði og eru kvikmyndatökur á því svæði ekki háðar leyfi Umhverfisstofnunar. Stofnunin bendir á að leyfi þarf frá landeigendum fyrir kvikmyndatökum.

Umfang umræddrar kvikmyndatöku innan náttúruvættisins Hverfjalls er af Umhverfisstofnun talin minniháttar og er það því mat stofnunarinnar vegna umfangs hennar að hún sé ekki leyfisskyld. Umhverfisstofnun bendir á að fylgja skal merktum stígum og leiðum í samræmi við fyrirmæli hverju sinni. Almennungi er óheimilt að ganga um utanverðar hlíðar fjallsins nema á merktum gönguleiðum.

Umhverfisstofnun telur að myndatakan innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár (að eyjunni undanskilinni), eins og henni er lýst, komi ekki til með að valda spjöllum eða raska lífríki, jarðmyndunum og landslagi á verndarsvæðinu.


Umhverfisstofnun bendir hins vegar á að samkvæmt 15. gr. reglugerðar nr. 665/2012 er á tímabilinu 15. apríl til 20. ágúst notkun farartækja á Mývatni og Laxá og öðrum stöðuvötnum á verndarsvæðinu einungis heimil vegna hefðbundinna nytja og veiða, náttúruvæðisráðgjafna og umsjónar með svæðinu. Ekki er heimild til að veita undanþágu frá þessu ákvæði. Umhverfisstofnun hafnar því beiðni Árna Einarssonar fyrir hönd FUJI TV um leyfi til sigla út í eyjuna í Mývatni.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að óheimilt er að fljúga lægra en í 500 feta hæð yfir svæðinu samkvæmt kafla IV, gr. 4.6 lið b í viðauka I með reglugerð nr. 770/2010 um flugreglur. Skal þess gætt að fljúga ekki yfir viðkvæm varpsvæði til að valda ekki truflun á dýralífi. Umhverfisstofnun hefur ekki borist upplýsingar um fyrirhugaða flughæð.

Umhverfisstofnun bendir á, að skv. 3. mli. 1. mgr. 74. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, sbr. 26. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 er heimilt að kæra ákvörðun þessa til umhverfis- og auðlindaráðherra.

Virðingarfyllst


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri


Sigrún Ágústsdóttir
Sviðsstjóri